

Reykjavíkurborg
Ólafur Bjarnason
Skúlatúni 2
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júní 2013
Tilvísun: UST20130500128/bs


Heiðmerkurvegur - Rauðhólar. Umsögn


Vísað er til bréfs Reykjavíkurborgar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er upplýsinga um hvort leyfi Umhverfisstofnunar þurfi fyrir framkvæmd á Heiðmerkurvegi sem er að hluta innan fólkvangsins Rauðhólar sem friðlýstir voru með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Í reglum um fólkvanginn segir m.a.: „Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.“

Á samráðfundi með Reykjavíkurborg sem haldinn var 13. júní sl. kom fram að ef lagt væri slitlag á Heiðmerkurveg myndi sú framkvæmd útiloka umferð hestamanna sem nú er all nokkur um veginn. Því var talið nauðsynlegt að leggja reiðveg um Rauðhóla. Einnig kæmi til álita að breyta legu vegarins vegna umferðaröryggis.

Þar sem hér er hugsanlega um nokkrar tengdar framkvæmdir að ræða í og við fólkvanginn telur Umhverfisstofnun að Reykjavíkurborg ætti að deiliskipuleggja fyrirhugað framkvæmdasvæði þannig að unnt verði að tryggja faglega og almenna umfjöllun um hugsanlegar framkvæmdir á svæði sem nýtt er til útivistar af margvíslegu tagi. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur